NT

Þriðjudagur 15. október 1985 – 250. tbl. 69. árg.

NEWS SUMMARY IN ENGLISH SEE P. 7



■ Alfreð Guðmundsson hefur verið forstöðumaður Kjarvalsstaða frá upphafi og hann var líka mikill og góður vinur Kjarvals í ein 30 ár. Hér er Alfreð við mynd af sjálfum sér, sem Kjarval málaði af honum árið 1965. NT-mynd Sverrir

Kjarvalsstaðir:

Stór yfirlitssýning á verkum meistarans

– 177 málverk, 35 teikningar, persónulegir munir hans og o.fl.

■ Stór yfirlitssýning á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarval verður opnuð í dag að Kjarvalsstöðum en í dag eru eitt hundrað ár liðin frá fæðingu hans.


Á sýningunni verða 177 málverk, flest úr einkaeign og hafa mörg þeirra ekki verið sýnd opinberlega áður. Elsta myndin er frá árinu 1901 og yngstu myndirnar frá 1967-8. Þá eru og á sýningunni 35 teikningar og vatnslitamyndir sem Kjarval gaf Reykjavíkurborg árið 1968 og úr gjöf Jóns Þorsteinssonar frá árinu 1983. Á göngum Kjarvalsstaða verða sýndir munir og minjar úr fórum Kjarvals sem hann gaf Reykjavíkurborg árið 1968. Það eru bækur, bréf, skjöl ýmisskonar áhöld, teikningar, frumdrög og sitthvað fleira, þar á meðal jólakaka og saltfiskur.

Að sögn Einars Hákonarsonar formanns stjórnar Kjarvalsstaða er sýningin á minjum og munum Kjarvals aðeins lítið brot af innihaldi kassanna sem Kjarval gaf Reykjavíkurborg því Kjarval hafði verið einstaklega hirðusamur um alla hluti og innihald kassanna gullnáma fyrir þá sem vilja rannsaka manninn og málarann Kjarval. Þarna séu til dæmis frumskyssur af mörgum frægustu verkum hans.

10 mínútna myndbandsþáttur sem nefnist „Meistari Kjarval" hefur verið gerður og verður hann sýndur í fundasal. Í þættinum er í stuttu máli rakinn ferill Kjarvals en umsjónarmaður hans er Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur.

Sýningarskráin er 86 bls. að stærð, prýdd fjölda ljósmynda af Kjarval og verkum hans, en að auki verða fluttir fyrirlestrar í tengslum við sýninguna.

Sýningunni lýkur 15. desember en hún er opin daglega frá kl. 14-22.



■ Skálað fyrir þeim stóra. Eiður ásamt konu sinni Arnþrúði Sigfúsdóttur á heimili þeirra í gærkvöldi.

Sumarveður á landinu – hiti á Dalatanga mældist 21,5°C í gær

■ Mestur hiti á landinu mældist á Dalatanga í gær, 21,5 gráður á Celsíus. Er mjög fátítt að svo hár hiti mælist hér á landi í miðjum október. Reyndar er þetta ekki einsdæmi, að sögn veðurfræðinga, en mjög sjaldgæft.

Þokkalegt sumarveður ríkti á öllu landinu í gær og er búist við að lítil breyting verði á því í dag. Þegar líða tekur á vikuna mun svo aftur fara kólnandi.

Það sem veldur þessum hlýindum, er hæð yfir Bretlandi, sem dælir hlýju lofti sunnan úr hafi hingað norður undir heimskautsbaug.

Bílvelta

■ Par var flutt á slysadeild, eftir bílveltu sem varð í Heiðmörk um helgina. Grunur leikur á að ökumaður hafi verið undir áhrifum áfengis. Hann mun hafa meiðst illa í baki. Slysið varð á sunnudagsmorgun um klukkan ellefu.

Aukafjárveitingar:

Skátum neitað um 1/2 milljón

Ár æskunnar á frímerkjum og mjólkurfernum, segir Benjamín Árnason, framkvæmdastjóri BÍS

■ Bandalag íslenskra skáta fékk neitun á aukafjárveitingu upp á 527 þúsund krónur. Var sótt um þetta fyrr í sumar og átti að verja fjármununum í útilífsfræðslu fyrir almenning og hjálparsveit skáta á aldrinum 15-18 ára. Neikvætt svar barst svo frá fjármálaráðuneytinu fyrir hálfum mánuði.

Benjamín Árnason, framkvæmdastjóri BÍS, sagði í samtali við NT í gær, að það væri einkennilegt, að samtök, sem ekki ráða við kaup á húsnæði, fái tvær milljónir króna, þó aðeins sé farið fram á eina, á meðan æskulýðssamtök fá ekki krónu, og það á svokölluðu ári æskunnar. „Ár æskunnar kemur aðallega fram á frímerkjum og mjólkurfernum," sagði Benjamín og sagði að skátarnir hefðu farið fram á þrjár milljónir á síðustu fjárlögum, en fengið 560 þúsund úthlutað.

Til samanburðar má geta þess að Ungmennafélag Íslands fékk 4,2 milljónir og Íþróttasamband Íslands 17,4 milljónir. Það hversu litlar fjárveitingar BÍS hefur fengið hefur orðið til þess að bandalagið þurfti að segja upp eina launaða starfsmanni sínum í sumar. Öll vinna er nú sjálfboðaliðsvinna.

Einn með tólf rétta í Getraunum:

Vann tæpa milljón

Fékk hugdettu og nýtti hana vel sagði vinningshafinn

■ Eiður Guðjohnsen vann „stóra pottinn" í Getraunum um helgina. Eiður var einn með tólf rétta og einnig átti hann fjórtán raðir með ellefu réttum. Þetta nákvæma tipp skilar Eiði í hagnað 893.198 krónum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Eiður hirðir pottinn eins og hann leggur sig. Hann sagði í samtali við NT í gær að einu sinni hefði hann fengið 500 þúsund gamlar krónur og var hann ekki frá því að sá pottur hefði verið af svipaðri stærð, þá.

Það er þó ekki með öllu útgjaldalaust sem vinningurinn hafðist í gegn. Eiður verður að sjá af tveimur kampavínsflöskum, sem hann veðjaði. Annarri til tilvonandi tengdasonar, um leik Tottenham og Birmingham, og hin fer til vinar sem hann hét á að ef væri hann einn með tólfu þá myndi sá verða kampavínsflösku ríkari.

„Ég hringdi í einn magnaðan „tippara" sem ég þekki, á laugardag og ætlaði að bjóða honum með mér í „púkk". Ég hringdi í númerið hans en hann svaraði ekki því hann var búinn að fá sér annað símanúmer. Hann var með ellefu rétta," sagði Eiður.

„Ég fékk hugdettu þegar ég var að „tippa", og nýtti hana fast. Ég sagði við sjálfan mig þegar ég fékk hugdettuna. Þú notar hana og notar hana hvasst," sagði Eiður þegar hann var spurður hvað hefði fært honum vinninginn. Eiður er faðir knattspyrnukappans Arnórs Guðjohnsen.